

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi, Hafnarfirði.

„Íbúðahverfi í Hvömmum“ vegna Smárahvamms 1.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 4. júlí 2002 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Hvömmum“ vegna Smárahvamms 1, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit á lóðinni fyrir bílskúr með flötu þaki og sólskála næst íbúðarhúsi.

„Hauka- Iðnskólareitur“ vegna Svöluhrauns 19.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst 2002 breytingu á deiliskipulagi „Hauka- Iðnskólareits“ vegna Svöluhrauns 19, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að heimilt er að innréttu húsið sem sambýli fyrir fatlaða þ.m.t. að breyta bílskúr í íbúðarhúsnæði. Þinglýsa skal kvöð þess efnis að ef húsið er nýtt til annars en sem sambýli fyrir fatlaða, skal húseigninni breytt aftur í einbýlishús með bílskúr.

Farið var með tillögurnar samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. september 2002.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.